

Námsvísir 2023-2024

7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari/kennarar: Gísli Sveinn og Ingunn

Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðum í íslensku er skipt í nokkra flokka. Þau eru lestur, talað mál, framsögn og hlustun, bókmenntir, ljóð, málrækt og starfsetning/ritun/skrift. Unnið er eftir hæfniviðmiðum og lykilhæfni sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla [Aðalnámskrá Grunnskóla \(adalnamskra.is\)](http://Aðalnámskrá.Grunnskóla(adalnamskra.is))

Kennsluaðferð / vinnulag

Skólaárinu hefur verið skipt upp í níu fjögurra vikna lotur. Hverri lotu fylgir lotuáætlun sem skipulögð er út frá þeim hæfniviðmiðum sem verið er að vinna að hverju sinni. Gerð er sú krafa að nemendur fylgi lotuáætlunum og ljúki þeim verkefnum sem þar eru tilgreind. Markmiðið er að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Eftir innlagnir frá kennurum vinna nemendur ýmist einstaklingsvinnu, í pörum eða hópum eftir verkefnum.

Námsmat

Beitt verður leiðsagnarmati þannig að nemendur verða jafnt og þétt að vinna sér inn einkunn yfir skólaárið. Vonast er til að nemendur geti nýtt þá endurgjöf sem þeir fá til að efla sig og bæta í námi. Leitast er við að hafa námsmat fjölbreytt og byggir á viðfangsefnum hverrar lotu fyrir sig. Kennari metur m.a. þátttöku í tíma og virkni nemenda.

Námsgögn

Orðspor 3 lesbók og vinnubók

Málrækt 3

Egils saga og vinnublöð

Draugaslóð

Ítarefni frá kennara

Annað sem samræmist hæfniviðmiðum og er til þess fallið að vekja og viðhalda áhuga

